

um sýnishorn að sambandsmerki og skipi dómnefnd um sýnishornin, leggist síðan álit þeirrar nefndar fyrir næsta sambandsþing til úrskurðar“.

VIII.

Samþykkt eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir 1917—1920.

I. Tekjur:

1. Væntanlegur styrkur úr landssjóði kr. 2000,00

II. Gjöld:

1. Til Þrastaskógar kr. 100,00
 2. — „Skinfaxes“ — 250,00
 3. Stjórnarkostnaður — 100,00
 4. Kostnaður við Samb. þing.
 (1920) — 250,00
 5. Til íþróttar, fyrirlestra, o. fl. — 1300,00
 Alls kr. 2000,00

IX. Bannlög.

„Sambandsþing U. M. F. Í. lýsir yfir eindregnu fylgi við bannlagastefnuna og ber það traust til næsta Alþingis að það breyti lögunum svo og bæti eftirlit með þeim að þau nái til fulls tilgangi sínum“.

Samþ.

X. Kosin stjórn.

Form.: Jónas Jónsson frá Hriflu.

Ritari: Jón Kjartansson.

Féhirðir.: Guðm. Jónsson frá Brennu.

Varastjórn í sömu röð:

Egill Guttormsson,

Jón Þórðarson,

Erlingur Pálsson.

Endurskoðendur sambandsreikninganna milli þinga voru kosnir:

Guðm. Kr. Guðmundsson og

Magnús Kjara.

Íþróttasambandi Íslands var sent þakkarskeyti fyrir „Glimubókina“. Einnig fyrir bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, sem enn hafði sýnt félagskapnum velvildarhug sinn með því að senda sambandinu bóka-

gjöf á þessu tímabili.

Stefán Hannesson kennari sendi þinginu kveðju og erindi um lýðháskóla, en sökum annríkis, var ekki unt að ræða það á þinginu að þessu sinni.

Stephan G. Stephansson.

Sjaldan hefir nokkur blaðagrein fengið betri og maklegri viðtökur hjá þjóðinni, heldur en hugvekja sú, sem Jónas Þorbergsson ritaði í Skinfaxes í fyrra, um að vel færi á að Austur-Íslendingar byðu St. G. St. heim. Samskotin voru hafin í haust á sameiginlegum fundi ungmennafélaganna í Rvík og komu þá inn hálf tít hundruð að krónur. Síðan beittu mörg félög í Rvík sér fyrir málinu, og hefir samvinna svo margra og óskildra félaga sjaldan gengið jafn vel, enn síður betur. Fjáröfnunin út um land gekk yfirleitt mjög vel. Og um ungmennafélögin má sérstaklega geta þess, að þáttakan hefir verið mjög almenn. Getu ungmennafélagar glatt sig við þá hugsun, að þeir hafa átt góðan þátt í því að hrinda heimboðsmálinu af stað og í framkvæmd, þó að fjölmargir aðrir menn og félög hafi starfað ótullega að sama marki.

Stephan G. Stephansson kom heim á góðri stund, rétt fyrir þjóðhátíðina 17. júní, og landsspítalasjóðsdaginn 19. júní. Var hátíðhöldunum í höfuðstaðnum að nokkru leyti snúið upp í Stephánshátíð. Síðan hefir skáldið gengið á milli góðbúanna í Rvík og hvarvetna „komið, séð og sigrað“. 3. júlí n. k. fer hann með Botni til Reyðarfjarðar og þaðan landveg um Fagradal, upp á Hérað og ef til vill víðar um Austfirði. Þaðan heldur hann vestur yfir Norðurlönd til að heimsækja „Berurjóðrin“ sín tvö, eyðibýlin Mjóadal fremst í [Bárðardal, og Viðimýrarsel í